

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 25 mg tuggutöflur fyrir hunda
Carprofen Orion 50 mg tuggutöflur fyrir hunda
Carprofen Orion 100 mg tuggutöflur fyrir hunda

2. INNIHALDSLÝSING

Hver tafla inniheldur:

Virk innihaldsefni:

25 mg tuggutafla:
Carprófen 25 mg

50 mg tuggutafla:
Carprófen 50 mg

100 mg tuggutafla:
Carprófen 100 mg

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Póvídón (K-30)
Laktósaeynhýdrat
Örkristallaður sellulósi
Sterínsýra
Vatnsfrí kísilkvoða
Natríumsterkjunglýkólat (gerð A)
Kjúklingalifrarduft, úðapurkað
Reykbragðefni
Ljósbrúnn sykur

25 mg tuggutöflurnar eru brúnar, kringlóttar, tvíkúptar, óhúðaðar töflur með ígreypu „C 148“ á annarri hliðinni og deiliskoru á hinni hliðinni. Töflurnar innihalda reykta og kjötkenndan ilm. Töflunum má skipta í tvo jafna skammta.

50 mg tuggutöflurnar eru brúnar, kringlóttar, tvíkúptar, óhúðaðar töflur með ígreypu „C 146“ á annarri hliðinni og deiliskoru á hinni hliðinni. Töflurnar innihalda reykta og kjötkenndan ilm. Töflunum má skipta í tvo jafna skammta.

100 mg tuggutöflurnar eru brúnar, ferningslaga, flatar, óhúðaðar töflur með ígreypu „C“ á annarri hliðinni og tvöfaldr deiliskoru á báðum hliðum. Töflurnar innihalda reykta og kjötkenndan ilm. Töflunum má skipta í fjóra jafna skammta.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hundar

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til að draga úr bólgu og verkjum í stoðkerfi og liðum og eftir skurðaðgerðir.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum með hjarta-, lifrar- eða nýrnasjúkdóm, sáramyndun eða blæðingu í meltingarvegi, grun um blóðmeið.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

Gefið ekki köttum þar sem brotthvarfstími carprófens er lengri og lækningalegur stuðull þrengri en hjá hundum.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Engin.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Ekki má fara yfir ráðlagða skammta. Lyfið skal nota með sérstakri varúð hjá mjög ungum (yngri en 6 vikna) og hjá öldruðum hundum.

Bólguþandi verkjalyf (NSAID) geta valdið hömlun á átfrumum. Þess vegna skal hefja viðeigandi samhliða sýklalyfjameðferð sem meðferð á bólgusjúkdómum í tengslum við bakteríusýkingu.

Forðist notkun hjá dýrum með vessapurrd, blóðpurrd eða lágþrýsting þar sem hættu er á auknum eiturverkunum á nýru.

Þar sem tuggutöflurnar eru bragðbættar, geymið dýrallyfið á öruggum stað. Alvarlegar aukaverkanir geta komið fram ef mikið magn er tekið inn. Ef þig grunar að hundurinn hafi neytt dýrallyfsins í meira en ráðlögðum skammti skaltu hafa samband við dýralækni.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir carprófeni skulu gefa dýrallyfið með varúð.

Inntaka dýrallyfsins getur valdið meltingarfæraeinkennum, verkjum eða ógleði.

Gæta skal þess að börn neyti ekki dýrallyfsins fyrir slysi. Til að forðast inntöku fyrir slysi skal taka töfluna úr umbúðunum rétt fyrir gjöf.

Ef töflurnar eru óvart teknar inn skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins. Þvoið hendur eftir meðhöndlun vörunnar.

Sérstakar varúðarráðstafanir til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hundar

Mjög sjaldgæfar	Nýrnasjúkdómur
-----------------	----------------

(1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):	Lifrar- og gallsjúkdómur
Koma örsjaldan fyrir (< 1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	Uppköst ¹ , niðurgangur ¹ , lystarleysi ¹ , blóð í saur ¹ Svefnhöfgi ²

¹ Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram á fyrstu viku meðferðar og eru í flestum tilfellum tímabundnar og hverfa þegar meðferð er hætt en geta örsjaldan verið alvarlegar eða banvænar. Ef aukaverkanir koma upp skal hætta notkun lyfsins og hafa samband við dýralækni.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða lyfjafyrivalda. Einnig má finna upplýsingar um viðeigandi tengiliði í kafla 16 í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýralyfið má ekki nota meðgöngu eða við mjólkurgjöf.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Forðast skal samhliða notkun annarra bólgueyðandi verkjalyfja eða öflugra lyfja sem hafa áhrif á nýru í 24 klst. eftir að skammtur af dýralyfinu hefur verið gefinn. Carprofen er mikið bundið plasmapróteinum og getur því keppt við önnur próteinbundin lyf, sem getur leitt til aukinna aukaverkana.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Til inntöku.

Dagar 1-6: 4 mg/kg einu sinni á dag eða skipt í tvo skammta.

Dagar 7-14: 2 mg/kg tvisvar á dag.

Í viðhaldsmeðferð eru gefin 2 mg/kg/dag einu sinni á dag.

Eftir meðferð með carprofeni í æð má halda áfram að draga úr verkjum og meðhöndla bólgueinkenni með töflum í skammtinum 4 mg/kg líkamsþyngdar/dag í 5 daga.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Meðferð er einkennamiðuð.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QM01AE91

4.2 Lyfhrif

Carprofen er bólgueyðandi verkjalyf sem tilheyrir flokki 2-arylprópión sýra. Carprofen hefur verkjastillandi og bólgueyðandi virkni.

Áhrif carprofens byggjast að hluta til á hamlandi áhrifum þess á virkni cýkló-oxýgenasa og lípoxýgenasa ensíma. Þess vegna myndast ekki skaðleg prostaglandín sem tengjast bólguviðbrögðum. Hins vegar er hömlun carprofens á prostaglandínframleiðslu svo smávægileg að hún útskýrir ekki full áhrif efnisins. Við klíniska skammta hjá hundum getur hömlun á virkni á bæði cýkló-oxýgenasa ensími og virkni lípoxýgenasa ensíma verið óveruleg eða engin. Engu að síður sjást góð verkjastillandi og bólgueyðandi áhrif klínískt. Ástæða þessa er óþekkt.

Eftir endurtekna meðferð í 8 vikur hefur verið sýnt fram á að carprofen hefur engin skaðleg áhrif á brjóskef hunda með liðargigt. Að auki hefur verið sýnt fram á að meðferðarstyrkur carprofens *in vitro* eykur glýkósaminóglýkanmyndun (GAG) í brjóskefjum einangruðum úr brjóskef hunda með liðargigt.

Örvun GAG nýmyndunar mun minnka muninn á hraða hrörnnunar og endurnýjunar brjóskefjulkis sem leiðir til hægari framvindu brjóskefjulkis.

4.3 Lyfjahvörf

Handhverfa carprofen frásogast hratt úr þörmum. Aðgengi er > 90%. Áhrif fæðu í smáþörmum á frásog hafa ekki verið rannsökuð. Hámarksþéttni í plasma (C_{max}) er u.þ.b. 40 míkróg/ml sem næst á 0,5-3 klst. með áætluðum skammti sem nemur 5 mg/kg. Carprofen er mjög próteinbundið og því hefur það lítið dreifingarrúmmál, $V_d = 0,18$ l/kg (reiknað út frá skammti í bláæð). Úthreinsun er hæg, $Cl = 3,8$ ml/mín. x kg (niðurstaða byggð á stökum 0,7 mg/kg skammti í bláæð).

Helmingunartími ($t_{1/2}$) er um það bil 8 klukkustundir með carprofen töflum. Carprofen skilst út úr líkamanum með samtengingu við glúkúróníð og oxun í kjölfarið. 70% af lyfinu skilst út með hægðum og 8-15% með þvagi.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Á ekki við.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 2 ár.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Háþéttni pólýetýlenflaska með barnaöryggisloki úr pólýprópýleni.

Pakkningastærðir:

Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 20 tuggutöflur með 25 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 60 tuggutöflur með 25 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 60 tuggutöflur með 50 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 10 tuggutöflur með 100 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 20 tuggutöflur með 100 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 60 tuggutöflur með 100 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 180 tuggutöflur með 100 mg.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Orion Corporation

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/24/328/001 (25 mg, 20 töflur)
EU/2/24/328/002 (25 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/003 (50 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/004 (100 mg, 10 töflur)
EU/2/24/328/005 (100 mg, 20 töflur)
EU/2/24/328/006 (100 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/007 (100 mg, 180 töflur)

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 19/12/2024

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTinni Á EIGINLEIKUM LYFS

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfðið er ávísunarskytt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfðið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 50 mg/ml stungulyf, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Carprófen 50 mg

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni	Magn innihaldsefna ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir rétta lyfjagjöf dýralyfsins
Bensýlalkóhól (E1519)	10 mg
L-arginín	
Glýkólsýra	
Lesítín	
Natríumhýdroxíð	
Saltsýra, óblönduð	
Vatn fyrir stungulyf	

Tær, fölgul til gul lausn.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hundar og kettir

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Hundar:

Til að draga úr verkjum og bólgu í tengslum við aðgerðir, sérstaklega í bæklunar- og mjúkvefjum (þ.m.t. í augum).

Kettir:

Til að lina verki í tengslum við aðgerðir.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum með hjarta-, lifrar- eða nýrnasjúkdóm, sáramyndun eða blæðingu í meltingarvegi, grun um blóðmeið.

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. (Sjá einnig kafla 3.5.)

3.4 Sérstök varnaðarorð

Engin.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Ekki má fara yfir ráðlagða skammta. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins hjá ungum dýrum (yngri en 6 vikna) og öldruðum dýrum.

Bólguþandi verkjalyf (NSAID) geta valdið hömlun á átrfimum. Þess vegna skal hefja viðeigandi samhliða sýklalyfjameðferð sem meðferð á bólgujúkdómum í tengslum við bakteríusýkingu.

Forðist notkun hjá dýrum með vessapurrd, blóðþurrð eða lágþrýsting þar sem hættu er á auknum eiturverkunum á nýru. (Sjá einnig kafla 3.3.)

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir carprófeni eða bensýlalkóhóli ættu að gefa dýrallyfið með varúð.

Dýrallyfið getur valdið ertingu í húð eða augum. Forðist snertingu við húð og augu. Þvoðu skvettarnar strax með hreinu rennandi vatni. Ef ertingin er viðvarandi skal leita til læknis og sýna læknum fylgiseðilinn eða merkimiðann.

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýrallyfinu fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýrallyfsins.

Sérstakar varúðarráðstafanir til verndar umhverfinu:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hundar og kettir

Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):	Viðbrögð á inndælingarstað ¹ Nýrnasjúkdómur Lifrar- og gallsjúkdómur Meltingarfærasjúkdómar
Koma örsjaldan fyrir (< 1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	Uppköst ² , niðurgangur ² , lysterleysi ² , blóð í saur ² Svefnhöfgi ²

¹ Eftir inndælingu undir húð.

² Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram á fyrstu viku meðferðar og eru í flestum tilfellum tímabundnar og hverfa þegar meðferð er hætt en geta örsjaldan verið alvarlegar eða banvænar. Ef aukaverkanir koma upp skal hætta notkun lyfsins og hafa samband við dýralækni.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða lyfjafyrivalda. Einnig má finna upplýsingar um viðeigandi tengiliði í kafla 16 í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýrallyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýrallyfið má ekki nota meðgöngu eða við mjólkurgjöf.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Forðast skal samhliða notkun annarra bólgueyðandi verkjalyfja eða öflugra lyfja sem hafa áhrif á nýru í 24 klst. eftir að skammtur af dýrallyfinu hefur verið gefinn. Carprofen er mikið bundið plasmapróteinum og getur því keppt við önnur próteinbundin lyf, sem getur leitt til aukinna aukaverkana.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Gjöf í æð eða undir húð.

Hundar:

Stakur skammtur 4 mg/kg líkamsþyngdar.

Gefið með inndælingu í bláæð eða undir húð annaðhvort fyrir aðgerð með lyfjaforgjöf eða meðan á svæfingu stendur. Áhrifin af carprofen inndælingunni vara í 24 klukkustundir. Eftir 24 klst. má halda áfram verkjastillingu hjá hundinum með carprofen töflum til inntöku í skammtinum 4 mg/kg líkamsþyngdar/dag í 5 daga.

Keti:

Stakur skammtur 4 mg/kg líkamsþyngdar.

Gefið með inndælingu undir húð eða í bláæð fyrir aðgerð meðan á svæfingu stendur. Vegna lengri helmingunartíma hjá köttum og þrengri meðferðarstuðuls skal sérstaklega gæta þess að fara ekki yfir eða endurtaka ráðlagðan skammt.

Stinga má allt að 25 sinnum í tappa hettuglassins.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Meðferð er einkennamiðuð.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QM01AE91

4.2 Lyfhrif

Carprofen er bólgueyðandi verkjalyf sem tilheyrir flokki 2-aráylprópión sýra. Carprofen hefur verkjastillandi og bólgueyðandi virkni.

Áhrif carprofens byggjast að hluta til á hamlandi áhrifum þess á virkni cýkló-oxýgenasa og lípoxýgenasa ensíma. Þess vegna myndast ekki skaðleg prostaglandín sem tengjast bólguviðbrögðum. Hins vegar er hömlun carprofens á prostaglandínframleiðslu svo smávægileg að hún útskýrir ekki full áhrif efnisins. Við klíníska skammta hjá hundum getur hömlun á virkni á bæði cýkló-oxýgenasa

ensími og lípoxýgenasa ensíma verið óveruleg eða engin. Engu að síður sjást góð verkjastillandi og bólgueyðandi áhrif klínískt. Ástæða þessa er óþekkt.

4.3 Lyfjahvörf

Hundar

Eftir gjöf í bláæð er dreifingarrúmmál carprofens lítið, $V_d = 0,18$ l/kg hjá hundum. Úthreinsun er hæg, $Cl = 3,8$ ml/mín x kg hjá hundum (byggt á stökum 0,7 mg/kg skammti til inndælingar í bláæð). $T_{1/2}$ er $8,0 \pm 1,2$ klst. hjá hundum.

Carprofen frásogast einnig undir húð. Eftir inndælingu undir húð næst hámarksþéttni í plasma 10,2 míkrog/ml hjá hundum innan 4 klukkustunda.

Carprofensameindir skiljast út úr líkamanum með samtengingu við glúkúróníð og oxun í kjölfarið. 70% af lyfinu skilst út með hægðum og 8-15% með þvagi.

Kettir

Eftir einn skammt (4,0 mg carprofen/kg) er hámarksþéttni í plasma (C_{max}) 26 mcg/ml náð á 3,4 klukkustundum (t_{max}). Aðgengi er yfir 90% og helmingunartími ($t_{1/2}$) er um það bil 20 klukkustundir.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við önnur dýrallyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 2 ár.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 28 dagar.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2 °C-8 °C). Má ekki frjósa.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Hettuglas úr gulbrúnu gleri af gerð I lokað með gráum brómóbútýl gúmmítappa.

Pakkningastærðir:

Pappaaskja sem inniheldur 5 hettuglös með 20 ml.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKADSLEYFISHAFA

Orion Corporation

7. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR
EU/2/24/328/008 (50 mg/ml, 5 hettuglös)

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 19/12/2024

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>)

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 25 mg tuggutöflur
Carprofen Orion 50 mg tuggutöflur
Carprofen Orion 100 mg tuggutöflur

2. VIRK INNIHALDSEFNI

1 tuggutafla:
25 mg carprofen
50 mg carprofen
100 mg carprofen

3. PAKKNINGASTÆRÐ

10 töflur
20 töflur
60 töflur
180 töflur

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hundar.



5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til inntöku.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mm/áááá}

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Orion Corporation

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/24/328/001 (25 mg, 20 töflur)
EU/2/24/328/002 (25 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/003 (50 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/004 (100 mg, 10 töflur)
EU/2/24/328/005 (100 mg, 20 töflur)
EU/2/24/328/006 (100 mg, 60 töflur)
EU/2/24/328/007 (100 mg, 180 töflur)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

MERKIMÍÐI Á GLASI

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 25 mg tuggutöflur
Carprofen Orion 50 mg tuggutöflur
Carprofen Orion 100 mg tuggutöflur

2. VIRK INNIHALDSEFNI

1 tuggutafla:
25 mg carprofen
50 mg carprofen
100 mg carprofen

3. MARKDÝRATEGUNDIR

Hundar.



4. ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

6. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mm/áááá}

7. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

8. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Orion Corporation

9. LOTUNÚMER

Lot {númer}

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 50 mg/ml stungulyf, lausn

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Carprofen 50 mg/ml

3. PAKKNINGASTÆRÐ

5 x 20 ml

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hundar og kettir



5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í bláæð eða undir húð.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {mm/áááá}

Rofna pakkningu skal nota innan 28 daga.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymist í kæli. Má ekki frjósa.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Orion Corporation

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/24/328/008 (50 mg/ml, 5 hettuglös)

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI
UMBÚÐUM**

MERKIMIÐI Á GLASI

1. HEITI DÝRALYFS

Carprofen Orion 50 mg/ml stungulyf, lausn



2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

Carprofen 50 mg/ml

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

EXP {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota fyrir...

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýralyfs

Carprofen Orion 25 mg tuggutöflur fyrir hunda

2. Innihaldslýsing

Virk innihaldsefni: carprófen 25 mg.

25 mg tuggutöflurnar eru brúnar, kringlóttar, tvíkúptar, óhúðaðar töflur með ígreypu „C 148“ á annarri hliðinni og deiliskoru á hinni hliðinni. Töflurnar innihalda reyktan og kjötkenndan ilm. Töflunum má skipta í tvo jafna skammta.

3. Markdýrategundir

Hundar.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til að draga úr bólgu og verkjum í stoðkerfi og liðum og eftir skurðaðgerðir.

5. Frábendingar

Notið ekki handa dýrum með hjarta-, lifrar- eða nýrnasjúkdóma, sáramyndun eða blæðingu í meltingarvegi eða þegar breytingar eru á fjölda blóðkorna.

Notið ekki ef um er að ræða ofnæmi gagnvart virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

Notið ekki handa köttum þar sem brotthvarfstími carprófens er lengri og lækningalegur stuðull þrengri en hjá hundum.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Ekki má fara yfir ráðlagðan skammt.

Carprofen skal nota með varúð hjá mjög ungum (yngri en 6 vikna) og mjög gömlum hundum.

Bólguþjálfandi verkjalyf (NSAID) geta valdið hömlun á átfrumum. Þess vegna skal hefja viðeigandi samhliða sýklalyfjameðferð sem meðferð á bólgusjúkdómum í tengslum við bakteríusýkingu.

Forðist notkun hjá dýrum með vessaþurrð, blóðþurrð eða lágþrýsting þar sem hættu er á auknum eiturverkunum á nýru.

Þar sem tuggutöflurnar eru bragðbættar, geymið dýralyfið á öruggum stað. Alvarlegar aukaverkanir geta komið fram ef mikið magn er tekið inn. Ef þig grunar að hundurinn hafi neytt dýralyfsins yfir ráðlögðum skammti skaltu hafa samband við dýralækninn.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þeir sem hafa ofnæmi fyrir carprófeni ættu að gefa dýralyfið með varúð.

Inntaka dýralyfsins getur valdið meltingarfæraeinkennum, verkjum eða ógleði.

Gæta skal þess að börn neyti ekki dýralyfsins fyrir slysi. Til að koma í veg fyrir inntöku fyrir slysi skal taka töfluna úr þakningunni um leið og hún er gefin hundinum.

Ef töflurnar eru teknar inn fyrir slysi skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir lyfsins. Þvoið hendur eftir meðhöndlun vörunnar.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýralyfið má ekki nota á meðgöngu eða við mjólkurgjöf.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Forðast skal samhliða notkun annarra bólgueyðandi verkjalyfja eða öflugra lyfja sem hafa áhrif á nýru í 24 klst. eftir gjöf skammts af þessu lyfi.

7. Aukaverkanir

Hundar:

<i>Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):</i>
Nýrnasjúkdómur
Lifrar- og gallsjúkdómur
<i>Koma örsjaldan fyrir (< 1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):</i>
Uppköst ¹ , niðurgangur ¹ , lystarleysi ¹ , blóð í hægðum ¹
Þreyta ¹

¹ Þessar aukaverkanir koma yfirleitt fram á fyrstu viku meðferðar og eru í flestum tilfellum tímabundnar og hverfa þegar meðferð er hætt en geta örsjaldan verið alvarlegar eða banvænar. Ef aukaverkanir koma upp skal hætta notkun lyfsins og hafa samband við dýralækni.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafa með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til inntöku.

Dagar 1-6: 4 mg/kg til inntöku einu sinni á dag eða skipt í tvo skammta.

Dagar 7-14: 2 mg/kg tvisvar á dag.

Í viðhaldsmeðferð eru gefin 2 mg/kg/dag einu sinni á dag.

Eftir meðferð með carprofeni sem inndæling meðan á aðgerð stendur má halda áfram að draga úr verkjum og meðhöndla bólgueinkenni með töflum í skammtinum 4 mg/kg líkamsþyngdar/dag í 5 daga.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Á ekki við.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

Ekki má nota dýrallyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og glasinu á eftir Exp. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýrallyfsins

Dýrallyfið er lyfseðilsskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/24/328/001-002

Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 20 tuggutöflum með 25 mg.
Pappaaskja sem inniheldur 1 glas með 60 tuggutöflum með 25 mg.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi:

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Finland

Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt:

Orion Corporation Orion Pharma
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Finland

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið.

België/Belgique/Belgien

V.M.D. nv
Hoge Mauw 900
2370 Arendonk, België
Tél/Tel: +32 14 67 20 51

Република България

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Тел: +358 10 4261

Česká republika

Orion Pharma s.r.o.
Na Strži 2102/61a,
Praha, 140 00
Tel: +420 227 027 263
orion@orionpharma.cz

Danmark

Orion Pharma A/S
Ørestads Boulevard 73,
2300 København S
Tlf: +45 86 14 00 00

Deutschland

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Eesti

UAB „ORION PHARMA“
Ukmergės g. 126
LT-08100 Vilnius, Leedu
Tel: +370 5 2769 499

Ελλάδα

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Lietuva

UAB „ORION PHARMA“
Ukmergės g. 126
LT-08100 Vilnius, Lietuva
Tel: +370 5 2769 499

Luxembourg/Luxemburg

V.M.D. nv
Hoge Mauw 900
2370 Arendonk
België
Tél/Tel: +32 14 67 20 51

Magyarország

Orion Pharma Kft.
1139 Budapest, Pap Károly u. 4-6
Tel.: +36 1 2370603

Malta

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Nederland

V.M.D. nv
Hoge Mauw 900
2370 Arendonk
België
Tél/Tel: +32 14 67 20 51

Norge

Orion Pharma AS Animal Health
Postboks 4366 Nydalen,
N-0402 Oslo
Tlf: +47 4000 4190

Österreich

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

España

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

France

Laboratoires Biové
3 Rue de Lorraine
62510 Arques
France
Tél: +33 3 21 98 21 21

Hrvatska

IRIS FARMACIJA d.o.o.
Bednjanska 12,
10000 Zagreb
Tel: +385 (0)91 2575 785

Ireland

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Ísland

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Italia

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Κύπρος

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

Latvija

UAB „ORION PHARMA“
Ukmergės g. 126
LT-08100 Vilnius, Lietuva
Tel: +370 5 2769 499

Polska

Orion Pharma Poland Sp. z o.o.
ul. Fabryczna 5A,
00-446 Warszawa
Tel.: +48 22 8333177

Portugal

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

România

Orion Pharma Rúmenía srl
B-dul T. Vladimirescu nr 22,
București, 050883-RO
Tel: +40 31845 1646

Slovenija

IRIS d.o.o.
Cesta v Gorice 8
1000 Ljubljana
Tel: +386 (0)1 2006650

Slovenská republika

Orion Pharma s.r.o.
Na strži 2102/61a,
Praha, 140 00, ČR
Tel: +420 227 027 263
orion@orionpharma.sk

Suomi/Finland

ORION PHARMA Eläinlääkkeet
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Puh/Tel: 010 4261

Sverige

Orion Pharma AB, Animal Health
Golfvägen 2, SE-182 31 Danderyd
Tel: +46 8 623 64 40

United Kingdom (Northern Ireland)

Orion Corporation
Orionintie 1
FI-02200 Espoo
Tel: + 358 10 4261

FYLGISEDILL

1. Heiti dýralyfs

Carprofen Orion 50 mg tuggutöflur fyrir hunda

2. Innihaldslýsing

Virk innihaldsefni: carprófen 50 mg.

50 mg tuggutöflurnar eru brúnar, kringlóttar, tvíkúptar, óhúðaðar töflur með ígreypu „C 146“ á annarri hliðinni og deiliskoru á hinni hliðinni. Töflurnar innihalda reyktan og kjötkenndan ilm. Töflunum má skipta í tvo jafna skammta.

3. Markdýrategundir

Hundar.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til að draga úr bólgu og verkjum í stoðkerfi og liðum og eftir skurðaðgerðir.

5. Frábendingar

